LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Til alþingismanna
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi 6. október 2014

**Efni:** Ályktun frá aðalfundi Læknafélags Íslands 2014.

Hjálagt fylgir ályktun um heilbrigðismál og læknaskort, sem samþykkt var á aðalfundi Læknafélags Íslands 25. – 26. september sl. Stjórn LÍ ákvað að senda alþingismönnum þessa ályktun til upplýsinga.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Þorbjörn Jónsson
Þorbjörn Jónsson
formaður

**Hjálagt:**
Ályktun um heilbrigðismál og læknaskort, samþykkt á aðalfundi Læknafélags Íslands 25. og 26. september 2014.

Póstáritun/Address: Hlíðasmára 8
IS-200 Kópavogi
Sími/Tel.: (354) 564 4100
Fax: (354) 564 4106
Kt.: 450269-2639
Netfang/E-mail: lis@lis.is

**Aðalfundur LÍ**
**25. og 26. september 2014**

## Ályktun
## um heilbrigðismál og læknaskort

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn að Hlíðarsmára í Kópavogi 25. og 26. september 2014 telur læknaskort ógna íslenskri heilbrigðisþjónustu. Í mörgum sérgreinum læknisfræðinnar er ástandið óviðunandi og fer versnandi að óbreyttu.

Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld að gera íslenskt heilbrigðiskerfi að fýsilegum atvinnuvettvangi fyrir lækna á ný með því að leiðrétta kjör þeirra. Þannig má snúa þróuninni við og fá lækna til starfa á Íslandi.